

# Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur nr. 3-2020

*Staður:* Fjarfundur í Teams

*Tími:* mánudaginn 30. mars, kl. 09:05

*Fundinn sátu:* Ragnheiður I. Þórarinsdóttir (stýrir fundi), Bjarni Diðrik Sigurðsson (ritar), Halldór Þorgeirsson, Guðrún Eik Skúladóttir, Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir, Þórey Gylfadóttir og Ágústa Rut Haraldsdóttir.

## Dagskrá

### 1. Staðan innan skólans vegna samkomubanns og lokunar húsnæðis

Viðbrögð kennara, annars starfsfólks og nemenda hafa verið til fyrirmyndar. Hratt var brugðist við að breyta kennsluháttum yfir í fjarkennslu, sem hefur gengið mjög vel undir dyggri stjórn kennslustjóra. Þar bjó Lbhí að því að fjarnámslausnirnar voru til staðar í flestum brautum í háskólanáminu. Nú er verið að vinna að því að breyta verklegum lotum og hefðbundnum prófum í heimapróf í háskólanáminu og starfsmenntanáminu. Þeim verklegu lotum sem ekki er hægt að breyta verður væntanlega frestað til upphafs kennslu í ágúst. Verklegt nám og námsdvöl nemenda í starfsmenntanámi verður með aðeins breyttu sniði og eru námsbrautarstjórar og starfsmenntanámsstjóri að vinna að lausnum.

Háskólaráð þakkar snör viðbrögð starfsmanna og nemenda við þær aðstæður sem komu upp með svo snöggum og óvæntum hætti. Ráðið styður við kennara og nemendur í þessum einstöku aðstæðum þar sem þarf að gera ráð fyrir framlengingu á samkomubanni fram yfir páska og að það þurfi aðlaga kennslu og námsmat að því. Háskólaráð hvetur starfsfólk og nemendur að halda áfram, hér eftir sem hingað til, að huga vel hvert að öðru.

### 2. Skjalastefna

Skjalastefna lögð fram til samþykktar. Háskólaráð samþykkti stefnuna með þeim breytingum sem sendar voru inn.

Háskólaráð hvetur einnig rektor og skjalastjóra að stuðla að því að innleiðingin verði gerð í nokkrum skrefum og henni verði fylgt eftir með góðum kynningum til allra starfsmanna og jafnvel gerð verklagsreglna fyrir mismunandi starfsmannahópa með raunverulegum dæmum.

### 3. Reglur Lbhí

Reglur Lbhí samþykktar eins og þær voru lagðar fram af rektor, ásamt þeim breytingartillögum sem bárust 29.3.2020 og því atriði að sama starfshlutfall verði um atkvæðisbærni á bæði deildar- og háskólafundum, eða 49%.

Háskólaráð fagnar öflugri umræðu sem hefur átt sér stað um Reglur Lbhí innan deilda skólans eftir áramót og hefur það leitt til breytinga sem samþykktar voru í lokaútgáfu hér með.



Háskólaráði er mjög annt um starfsmenntanám skólans og vill að það verði sem öflugast til framtíðar litið. Það telur mikilvægt að vinnu starfshópsins um starfsmenntanám Lbhí ljúki sem fyrst. Háskólaráð mun rýna lokaniðurstöður hans og skoða hvort þær kalli á frekari breytingar á regluverki skólans.

Háskólaráð felur rektor jafnframt að kynna Reglur Lbhí og skipurit fyrir starfshópnum og rætt var um hvernig kynningin verður fyrir starfsmenn.

#### **4. Starfsreglur um háskólaráð**

Starfsreglur um háskólaráð lagðar fram til samþykktar.

Háskólaráð samþykkti þær með breytingartillögu sem rektor sendi 29.3.2020.

#### **5. Ályktun SUB**

Ályktun SUB lögð fram. Rektor og starfsmenn munu fylgja eftir samtalinu við SUB, RML og aðra hagaðila.

Háskólaráð fagnaði þessum áhuga ungra bænda á starfi skólans og góðum tillögum þeirra. Þessu mun verða fylgt vel eftir.

#### **6. Kynning á Loftslagsráði –**

Halldór Þorgeirsson kynnti starfsemi Loftslagsráðs.

Landbúnaðarháskólinn getur tekið sér stærra hlutverk í loftslagsmálunum. Rætt um hvernig best er að koma þeim enn hærra á dagskrá hjá skólanum, í góðu samstarfi við hagaðila.

#### **7. Jafnréttisstefna Lbhí**

Ný jafnréttisstefna var lögð fram. Háskólaráð samþykkti hana og hvatti rektor til að hún verði kynnt vel innanhúss.

#### **8. Til upplýsingar**

- a. Staða á innleiðingu nýrrar stefnu var kynnt fyrir ráðinu.
- b. Skipan vísindanefndar: Nefndin er skipuð Kristínu Pétursdóttur, Þóroddi Sveinssyni, Isabel C Barrio og Christian Schultze
- c. Vinna við Jafnlaunavottun gengur vel.
- d. Vinna við styttingu vinnutíma er hafin.
- e. Árshátíð, háskólafundur og ársfundur skólans er áætlaður 12. júní.
- f. Reglur Lbhí um stjórnunar- og aðstöðugjald verkefna voru lagðar fram til kynningar á síðasta fundi. Deildir hafa óskað eftir að fá að fjalla um reglurnar áður en þær verða samþykktar. Háskólaráð samþykkir að fresta afgreiðslu til næsta fundar.



## 9. Önnur mál

Miklvægt að kynna Lbhí fyrir nýrri forustu Bændasamtakanna. Rektor hefur þegar óskað eftir fundi með þeim.

Fundi slitið kl 11:20

Næsti fundur háskólaráðs verður þriðjudaginn 21. apríl 2020

Fundargerð send út í tölvupósti. Hún mun skoðast sem samþykkt ef athugasemdir berast ekki innan þriggja daga.

